



STYKKISHÓLMSBÆR

GJALDSKRÁ OG REGLUR FYRIR GEYMSLUSVÆÐI STYKKISHÓLMSBÆJAR

1. gr.

Gjaldskrá þessi og reglur eru fyrir geymslusvæði Stykkishólmsbæjar. Gjaldskráin er við það miðuð að Stykkishólmsbær geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri geymslusvæðisins.

2. gr.

Leigutakar skulu eiga lögheimili í Stykkishólmi, eiga fasteign í Stykkishólmi eða vera með atvinnustarfsemi í Stykkishólmi.

3. gr.

Sótt skal um leigupláss á þar til gerðum eyðublöðum. Fram komi nafn, heimilisfang og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund geymslumuna. Umsóknarblað skal undirritað af umsækjanda. Bæjarskrifstofa (byggingafulltrúi) afgreiðir umsóknir í þeirri röð sem þær berast. Við úthlutun geymslusvæðis skal leigutaki undirrita leigusamning. Leigutaka er óheimilt að endurleigja úthlutaðu plássi til annarra.

4. gr.

Leigutaki skal leggja fram með staðgreiðslu 10.000,- króna tryggingu við afhendingu lykils af svæðinu. Tryggingin endurgreiðist við skil á lykli við lok leigutíma.

5. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 3 mánuðir m.v. 1. hvers mánaðar.

6. gr.

Leigugjald er innheimt árlega fyrirfram. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar uppá skal endurgreiða leigutaka hlutfallslega m.t.t. eftirstöðva leigutíma, enda hafi leigutaki greitt leigugjaldið.

7. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi á mánuð:
Geymsla á malarsvæði pr. m² kr. 55,00. Gjaldið fylgir vísitölu neysluverðs og er miðað við grunnvísitölu í nóvember 2011 sem er **384,6 stig**.
Lágmarksleigusvæði (reitur) skal að jafnaði vera 3x8metrar eða 24m².
Hægt er að leigja fleiri en einn reit samtímis.
Ef leigðir eru er 96-143 m² er veittur 15% afsláttur, ef leigðir eru 144-191 m² er veittur 20% afsláttur og ef leigðir eru 192 m² eða fleiri er veittur 25% afsláttur af leigufjárhæð.

8. gr.



STYKKISHÓLMSBÆR

Hlutir sem geymdir eru á svæðinu mega ekki innihalda mengandi efni, eða efni sem hætta er á að berist um svæðið og umhverfi þess. Leigutaki þarf að ganga þannig frá hlutum að ekki stafi slysa- eða fohætta af þeim.

9. gr.

Ekki er aðgangur að vatni né rafmagni á geymslusvæðinu.

10. gr.

Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim munum sem hann geymir á svæðinu. Svæðið er vaktað.

11. gr.

Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Leigutaki skal gæta að því að valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum t.d. með því að hefta aðgengi að svæðum þeirra. Leigutaki skal loka og læsa hliði geymslusvæðisins við brottför.

12. gr.

Bæjarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

13. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru **án virðisaukaskatts**

14. gr.

Gjaldskrá þessi og reglur eru fyrir geymslusvæði Stykkishólmsbæjar í Heljarmýri og taka gildi frá 1.1.2012 og falla eldri reglur og gjaldskrár úr gildi frá sama tíma. Leigufjárhæð og reglur þessar geta breyst í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar
15. desember 2011